

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um meðhöndlun**  
**tilkynninga um ætlað peningaþvætti nr. 626/2006.**

1. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:  
Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra veitir leiðbeiningar um form og efnisatriði slíkra tilkynninga, t.d. með útgáfu sérstaks eyðublaðs í þessu skyni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64, 14. júní 2006, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. ágúst 2008.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Gunnar Narfi Gunnarsson.*

---

**B-deild – Útgáfud.: 26. ágúst 2008**